

Almenn slysatrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggingarsvið.....	3
2. gr.	Grundvöllur samnings og gildistaka.....	3
3. gr.	Gildistími – endurnýjun.....	3
4. gr.	Aldurstakmörk.....	3
5. gr.	Hvar gildir vátryggingin?.....	3
6. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu.....	3
7. gr.	Áhættubreyting.....	4
8. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum.....	4
9. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	4
10. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði.....	5
11. gr.	Brot á varúðarreglum.....	5
12. gr.	Íþróttir og flugferðir o.fl.	5
13. gr.	Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.	5
14. gr.	Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.....	5
15. gr.	Ráðstafanir vegna slyss.....	6
16. gr.	Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar.....	6
17. gr.	Vátryggingarfjárhæðir.....	6
18. gr.	Vísitölubinding vátryggingarfjárhæða og iðgjalds.....	6
19. gr.	Vátryggingarfjárhæðir - Verðbreytingar.....	6
20. gr.	Breyting á vísitölugrundvelli.....	6
21. gr.	Dánarbætur.....	7
22. gr.	Rétthafi dánarbóta.....	7
23. gr.	Bætur vegna varanlegs líkamstjóns.....	7
24. gr.	Bætur við tímabundinn missi starfsorku.....	7
25. gr.	Bætur vegna tannbrots.....	8
26. gr.	Greiðslur bóta.....	8
27. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón.....	8
28. gr.	Fyrning.....	8
29. gr.	Ágreiningur.....	8
30. gr.	Varnarþing.....	8
31. gr.	Vernd persónuupplýsinga.....	8

1. gr. Vátryggingarsvið

Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir eins og segir í vátryggingarskríteinu þessu. Með orðinu “slys” er hér átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

2. gr. Grundvöllur samnings og gildistaka

Grundvöllur vátryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á vátryggingarbeiðninni og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttekið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu. Semja má skriflega um annan gildistökutíma.

Félagið getur óskað eftir nýjum upplýsingum um áhættuna í tengslum við endurnýjun vátryggingarinnar.

3. gr. Gildistími – endurnýjun

Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskríteinu eða iðgjaldskvittun. Vátrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Tilkynning þarf að berast félaginu innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils.

Félagið tilkynnir vátryggingartaka í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda, ef það hyggst ekki framlengja vátrygginguna.

4. gr. Aldurstakmörk

Vátryggingin fellur úr gildi í lok þess vátryggingarárs er vátryggður nær 67 ára aldri nema öðruvísi sé ákveðið í vátryggingarskríteininu. Félagið vátryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

5. gr. Hvar gildir vátryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

6. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

Iðgjaldið

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef vátryggður vill fá vátrygginguna í gildi aftur verður hann að fylla út nýja umsókn, sem er metin af félaginu hverju sinni.

Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu

Ef váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar váttryggingaratburður hefur orðið á váttryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánaða frá útgáfu váttryggingarinnar.

7. gr. Áhættubreyting

Iðgjaldið er háð aðstæðum váttryggðs, þ.á.m. starfi. Sérhverja breytingu sem kann að verða á starfi váttryggðs eða öðrum atriðum sem fram koma í váttryggingarbeiðni og varða áhættu félagsins, ber að tilkynna félaginu tafarlaust svo að það geti dæmt um hvort váttryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum.

Sé slík tilkynning ekki send félaginu í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir að breytingin varð og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verði ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega fyrir hvert váttryggingartilvik, sbr. 88. gr. laga nr. 30/2004. Það þýðir að bótagreiðslur gætu fallið niður eða orðið lægri en váttryggingarfjárhæð skírteinis segir til um, enda hefði félagið hafnað váttryggingu eða veitt álag á iðgjald hefði því verið kunnugt um hið nýja starf. Við mat á ábyrgðinni skal miðað við það iðgjald sem félagið hefði krafist um ef það hefði vitað um breytingar á aðstæðum váttryggðs.

Falli váttryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

8. gr. Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
3. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

4. ef aðstæður váttryggðs, þ.á.m. starf hans eða lífshættir, breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - d. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
 - e. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurbyggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

5. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
6. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

9. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar**Upplýsingar um áhættuna**

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

10. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði**Ásetningur**

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttænisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón.

Hafi vátryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Íþróttir og flugferðir o.fl.

- 12.1 Vátryggingin nær til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys, er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi og fallhlífarstökki.
- 12.2 Félagið bætir ekki slys sem verða í flugi nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- 12.3 Félagið bætir ekki slys sem verða í fjallaklifri, bjargsigi og froskköfun.
- 12.4 Sumar af áhættum þeim sem undanskildar eru í greinum 12.1., 12.2. og 12.3. er þó unnt að innifela í vátryggingunni með áritun á vátryggingarskírteinið.

13. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.

Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs, eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til. Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömun, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun.

Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrabiti eða –stungu. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að vátryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.

Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands:

Brjós-klos, þursabit (lumago ischias), liðagigt, slitgigt eða hvers konar aðrir gigtarsjúkdómar.

14. gr. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu**Félagið bætir ekki:**

- 14.1 Slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppþots eða svipaðra atvika. Sama gildir um slys sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgosa, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

- 14.2 Sly er vátryggður verður fyrir í handalögmálum, eða við þátttöku í refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- 14.3 Sly sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.
- 14.4 Slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.
- 14.5 Slys vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.
- 14.6 Slys af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

15. gr. Ráðstafanir vegna slyss

Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Deyi vátryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til að láta fara fram krufningu á líki hins látna. Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða vátryggðan. Þegar læknishjálpi lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

16. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar

Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr vátryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat á örorku skv. skilmálum þessum, þó ekki ef bersýnilegt er að örorka nái ekki tilskildu lágmarki. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna vátryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

17. gr. Vátryggingarfjárhæðir

Vátryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um vátrygginguna milli vátryggingartaka og félagsins.

Upplýsingar um vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini.

18. gr. Vísitölubinding vátryggingarfjárhæða og iðgjalds

Vátryggingarfjárhæðir þær sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við vísitölu neysliverðs án húsnæðis á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan miðað við grunnvísitölu þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Ef iðgjald greiðist á fleiri gjalddögum en einum, skal iðgjald á öðrum og síðari gjalddögum breytast á sama hátt í hlutfalli við vísitölu neysliverðs án húsnæðis.

19. gr. Vátryggingarfjárhæðir - Verðbreytingar

Í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um vátryggingarfjárhæðir, sem taka verðbreytingum miðað við breytingar sem verða á vísitölu neysliverðs án húsnæðis frá upphafsdegi vátryggingartímabilsins.

Bótarfjárhæðir örorkubóta, dánarbóta og bóta vegna tímabundins missis starfsorku reiknast á grundvelli gildandi vátryggingarfjárhæðar á slysdegi en breytast með vísitölu neysliverðs án húsnæðis frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding bótafjárhæða varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

20. gr. Breyting á vísitölugrundvelli

Verði breyting á grundvelli vísitölu neysliverðs án húsnæðis skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu skv. nýjum grundvelli við vísitölu skv. eldri grundvelli.

21. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist réttihafa bóta váttryggingarfjárhæð sú sem var í gildi á slysdegi, sbr. 17., 18. og 19. gr., að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.

22. gr. Réttihafi dánarbóta

Um rétt til greiðslu dánarbóta fer samkvæmt samningi um váttrygginguna og reglum XV. kafla laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki/váttryggður ekki tilnefnt réttihafa dánarbóta gilda reglur 100. gr. laga nr. 30/2004. Rennur váttryggingarfjárhæðin þá til maka váttryggðs. Með orðinu maki, skv. lögum nr. 30/2004, er ekki átt við sambúðarmaka. Láti váttryggður ekki eftir sig maka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

23. gr. Bætur vegna varanlegs líkamstjóns

Valdi slys varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að það varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi, sbr. 17., 18. og 19. gr.

23.1 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

23.2 Vegna 100% örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega.

Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgt eftirfarandi reglum:

23.3 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

23.4 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

23.5 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.

23.6 Ef slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, sbr. gr. 23.4 og 23.5.

23.7 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

24. gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku

Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi og síðan á hverjum tíma meðan starfsorkumissirinn varir, sbr. 17., 18. og 19. gr. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá þeim degi sem ákveðinn er í váttryggingarskírteininu og þar til hann hefur endurheimt starfsorku sína, þó eigi lengur en í þann hámarksbótatíma sem váttryggingarskírteinið ákveður og eigi fyrir tímabil að loknum 5 árum frá slysdegi.

Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það, hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli nauðsynlegra læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

25. gr. Bætur vegna tannbrots

Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af örorkuvátryggingarfjárhæðinni vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 7,5% af sömu fjárhæð.

Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar. Félagið bætir ekki heldur brot á tönnum sem ber að höndum þegar vátryggður matast.

26. gr. Greiðslur bóta

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bóta.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

27. gr. Frestur til að tilkynna um tjón

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

28. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr vátryggingu þessari fynast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

29. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

30. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

31. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingavernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. maí 2008 og koma í stað skilmála sem giltu frá 1. janúar 2006.

[Efst á skjal](#)